

**Ed.**

**836. Lög**

um breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

1. gr.

Í fyrstu grein laganna komi 15. gr. og 16. gr. í stað 13. og 14. gr.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Tóbak til sauðfjárbaða selst án hagnaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.